

Nd.

551. Frumvarp til laga

[160. mál]

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Í stað 17. og 18. tölul. laganna (fyrir áorðnar breytingar nú 19. og 20.) komi einn liður, svo hljóðandi:

19. *Súðavíkurhérað*: Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur. Læknissetur í Súðavík.

Íbúar héraðsins utan Súðavíkurhrepps eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknis á Ísafirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt á vegum heilbrigðisstjórnarinnar, og er frv. ásamt greinargerð samið af landlækni. Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt þess.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv.:

„Íbúum Hesteyrarlæknishéraðs, sem tekur yfir tvo nyrztu hreppa Norður-Ísafjarðarsýslu, Grunnavíkurhrepp og Sléttuhrepp, hefur nú fækkað svo, að engin leið er að halda þar uppi sérstöku læknishéraði. Hefur fólksfækkunin í héraðinu orðið sem hér segir: 1920: 731 íbúi, 1930: 740, 1935: 706, 1940: 647, 1945: 461, 1946: 329, 1947: 243, 1948: 164, 1949: 144, 1. des. 1950: 117 (þ. e. í Grunnavíkurhreppi 84, en í Sléttuhreppi 33, og horfir nú í þeim hreppi til fullkominnar auðnár). Hinn síðast skipaði læknir í Hesteyrarhéraði hvarf þaðan á miðju ári 1943, og síðan sumarið 1944 hefur ekki fengizt þangað sérstakur læknir, ekki einu sinni til setningar um stuttan tíma að sumrinu.

Miklum erfiðleikum hefur og reynzt bundið að sjá næsta læknishéraði, Ögurhéraði, fyrir læknisþjónustu. Síðasti skipaði læknirinn hvarf þaðan haustið 1944, og síðan hefur aðeins einu sinni tekizt að fá þangað settan lækni hluta úr ári (maí—sept. 1948), er setu ætti á hinum lögbundna aðsetursstað héraðslæknisins, í Ögri. Hér er ekki svo mjög fólksfæð um að kenna, því að í héraðinu eru þó enn um 700 íbúar (1933, er héraðinu höfðu fyrst verið fengin núverandi takmörk: 1196, 1940: 1001, 1945: 781, 1949: 709), þar af að visu meðtaldir allir íbúar Súðavíkuhrepps, um 300, en mikill hluti þeirra, þ. e. íbúar í Álftafirði, eiga að jöfnu tilkall til læknisþjónustu frá Ísafirði. Aðalvandkvæðin eru hér þau, að fyrir eyðingu byggðar umhverfis læknisbústað héraðsins er læknir þar orðinn svo einangradur og illa settur með tilliti til samgangna, að öllum þorra héraðsbúa er mjög umhent að eiga til hans að sækja.

Á umræddu læknisleysistímabili Hesteyrar- og Ögurhéraðs hefur hvoru tveggja héraðinu verið gegnt af héraðslækninum á Ísafirði, að því frá skildu, sem áður getur, að læknir sat í Ögri nokkra mánuði 1948, og síðastliðin tvö sumur gegndi báðum

héruðunum settur læknir, er sat í Súðavík. Var sá háttur tekinn upp til reynslu og þykir eftir atvikum hafa gefizt svo, að ekki sé frágangssök við að búa, enda að því er virðist, að nákvæmlega athuguðu máli, eina líklega leiðin til að tryggja þessum byggðum þjónustu sérstaks héraðslæknis til nokkurrar frambúðar. Eftir að komið væri upp aðlaðandi læknisbústað í hinu tiltölulega fjölbýli í Súðavík og grennd (í sjálfu Súðavíkurborpi eru íbúar $\frac{3}{12}$ 1949: 228), þykir ástæða til að ætla, að læknishérað þetta yrði ekki í tölu hinna óútgengilegustu héraða.

Hins vegar er því ekki að neita, að ýmsum byggðum héraðsins verða í mörgum tilfellum torveld viðskipti við héraðslækni í Súðavík, einkum að sækja hann heim, og mundi gegna hinu sama, hvar sem héraðslæknir yrði staðsettur innan þessara byggða. Má gera ráð fyrir, að úr öllum hreppum öðrum en Súðavíkurhreppi verði mönnum að jafnaði leiðin greiðari til Ísafjarðar, sem er viðskiptamiðstöð allrar sýslunnar, enda samgöngum háttáð í samræmi við það. Fyrir því þykir sjálfsagt að tryggja íbúum hins fyrirhugaða Súðavíkurhéraðs, öðrum en íbúum Súðavíkurhrepps, jöfnum höndum rétt til læknisþjónustu af hendi héraðslæknis á Ísafirði.

Samkvæmt framansögðu kann það að virðast mótsögn að staðsetja þá ekki héraðslækni hinna umræddu byggða á Ísafirði. En gegn því mælir hættan á, að þar hlæðust á hann þau læknisstörf í þágu hajarbúa, að hann yrði aðeins að nafni til læknir héraðs síns, auk þess sem Súðvíkingar færu á mis við að hafa hans fyllstu not, en hlutur þeirra skiptir hér að sjálfsögðu miklu máli, þar sem þeir munu verða fullur þriðjungur héraðsbúa og það hlutfall að öllum líkindum eiga fyrir sér að stækka. Með staðsetningu héraðslæknisins í Súðavík yrði íbúum annarra byggða aftur enginn miski gerður, er í þeirra hlut kæmi réttur að jöfnu til viðskipta við héraðslækni á Ísafirði.

Læknishéraðasjóðir Hesteyrarhéraðs og Ögurhéraðs, sem í hafa runnið hálf héraðslæknislaun þann tíma, sem héraðið hvort um sig hefur verið læknislaust, og nema nú orðið allmiklum fjárhæðum, verða að sjálfsögðu báðir tveir eign hins væntanlega Súðavíkurhéraðs. Getur það fé orðið til mikillar styrktar við að búa héraðslækni sem bezt skilyrði til vistar og starfa í Súðavík.

Þess skal getið, að frumvarpi þessu er komið á framfæri í samráði og fullkomnu samkomulagi við þingmann Norður-Ísfirðinga, Sigurð Bjarnason, og landkjörlinn þingmann Hannibal Valdimarsson.“